

REGLUR

Háskólans á Hólum um gjaldskrá vegna þjónustu við nemendur og innheimtu og ráðstöfun innritunargjalda.

1. gr.

Almennt.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla er Háskólanum á Hólum heimilt að afla sér tekna til viðbótar við framlög á fjárlögum. Háskólaráð skólans hefur sett nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda sem hér segir.

2. gr.

Innritunargjald.

Innritunargjald við Háskólann á Hólum er 75.000 kr.

Innheimtuseðill fyrir innritunargjald birtist umsækjendum í netbanka þeirra í júní eða þegar umsókn hefur verið samþykkt. Hjá eldri nemendum sem halda áfram námi birtist hann einnig í júní. Eindagi innritunargjalda er 10. júlí. Með greiðslu innritunargjalda staðfestir umsækjandi skólavist við Háskólann á Hólum. Óski umsækjandi að greiða skrásetningargjald eftir eindaga, reiknast 15% álag á gjaldið. Einstaklingar með örorkumat að lágmarki 75%, geta sótt um afslátt á innritunargjaldi, að hámarki 50% af gjaldinu.

Gestanemendur frá opinberum háskólum á Íslandi eru undanþegnir greiðslu innritunargjalds gegn staðfestingu á greiðslu gjalds við móðurskóla.

Innritunargjald er óafturkræft.

Innritunargjald er bókfært hjá yfirstjórn háskólans í samræmi við fjárlög. Háskólaráð ráðstafar innritunargjaldi á þá kostnaðarliði, sem falla undir gjaldskrá lögum samkvæmt.

3. gr.

Gjöld fyrir útgáfu vottorða, fyrirlögn og yfirferð stöðu-, inntöku-, upptöku- og fjarprófa.

Afrit skirteina:

Afrit brautskráningarskirteinis	350 kr.
Námsferilsyfirlit	350 kr.
Vottorð	350 kr.
Staðfesting á skirteini	350 kr.
Afrit af gögnum eldri en frá árinu 2007	5.000 kr.

Próftökugjald:

Endurtökupróf	6.000 kr.
Verklegt endurtökupróf á hesti	10.000 kr.

Verknámsgjald:

Verknámsgjald fiskeldis, innanlands	50.000 kr.
Verknámsgjald fiskeldis, erlendis	180.000 kr.

Við brautskráningu fá nemendur afhent brautskráningarskirteini, brautskráningaryfirlit á íslensku og ensku, og skirteinisviðauka á ensku, endurgjaldslaust.

Verknámsgjald miðast við að það standi straum af ferðakostnaði umsjónarmanns námskeiðsins.

4. gr.

Gjöld fyrir aðra þjónustu sem háskólinn innheimtir sérstaklega fyrir.

Þjónusta fyrir nemendahesta, hestafræðideild:

Nemendahestur – mánaðargjald ¹	17.500 kr.
---	------------

Námsráðgjöf:

Hugræn atferlismeðferð ²	6.000 kr.
-------------------------------------	-----------

Þjónustugjöld ³:

Útprintun, blaðsíða í svarthvítu	25 kr.
Útprintun, blaðsíða í lit	50 kr.

Ljósrit	25 kr.
Ljósrit, báðum megin	30 kr.
Ljósrit, á löggiltan skjalapappír	125 kr.
Plöstin	80 kr.
Gormur og glæra	250 kr.
Símbréf/fax	70 kr.

¹ Nemendur greiða kostnaðarverð fyrir fóður og undirburð fyrir eigin hesta í hesthúsinu á Hólum.

² Háskólinn býður nemendum upp á sértæk námskeið tengd námsráðgjöf í hugrænni atferlismeðferð. Greiðsla er staðfestingargjald fyrir þátttöku í námskeiðinu.

³ Nemendur greiða fyrir áætlaðan efnis- og rekstrarkostnað af þjónustu við prentun og ljósritun.

5. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglur þessar eru settar með stoð í 24. gr laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, og taka þegar gildi.

Háskólanum á Hólum, 7. júní 2021.

Erla Björk Örnólfsdóttir rektor.

B-deild – Útgáfud.: 30. júlí 2021